

20. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 6. mars 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson og Baldvin Leifur Ívarsson. Björn Arnaldsson og Ragnar Már Ragnarsson voru fjarverandi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn sendi punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Allt er tilbúið til uppsetningar á eftirlitsmyndavélum og búnaði vegna öryggismála.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c) Framkvæmdir við staðkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa hluta af núverandi bryggju og hækka. Unnið er við burðarvirki bryggjunnar, dekkklæðingu og undirbúning fyrir uppsetningu á vatns og raflögnum.
- d) Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið. Eftir er að raða grjóti að hluta við Hvalsá og þá er frágangi innan við garðinn á því svæði ekki lokið.
- e) Verið er að vinna við hönnun vegna framkvæmda við sjóvarnir við Keflavíkurgötu á Hellissandi og á Barðastöðum Staðarsveit.
- f) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.
- g) Verið er að vinna að staðsetningu á sameiginlegri spennistöð og tækjahúsi á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar fyrir Rarik og Mílu í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.
- h) Verið er að vinna við lagfæringar innanhúss í hafnarhúsinu á Arnarstapa, verið er að mála, skipta um innihurðir o.fl.
- i) Innsiglingarbaujan við Ólafsvíkurhöfn slitnaði upp og týndist. Búið er að panta nýja bauju og gert er ráð fyrir að hún komi í lok apríl n.k.

2) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:

- a. Vetrarþjónusta er í fullum gangi á þessum árstíma, aðallega hálkuvarnir á götum og á höfnunum.
- b. Lokið var við að ganga frá jólaskrautinu, mikið af stjörnum voru brotnar eftir jólavertíðina og voru þær lagaðar áður en gengið var frá þeim.
- c. Viðbyggingin á Lýsuhóli var máluð og þar var tekið til.
- d. Áhaldahúsið aðstoðaði við að flytja eldri borgarana í nýju aðstöðuna á Ólafsbrautinni.
- e. Aðstoðað við þorrablót á Jaðri, en hátt í tveir dagar fóru í að flytja borð og stóla frá Klifi og til baka.
- f. Skipt var um dreifara í saltbílnum.
- g. Salernisgámurinn á Arnarstapa var lagaður.
- h. Dælt var upp úr rotþróm á Arnarstapa.
- i. Áhaldahúsið sinnti jafnframt öðru sem til felli í mánuðinum.

VI *ZK*
MPG *SJ* *IP*
Orval

3) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:

- a) Unnið í Vallholti 19 1hh, komið nálægt lokum.
- b) Jaðar. Skipt um gólfefni á einu herbergi í nýrra húsi og málað.
- c) Ýmis smærri viðvik á Jaðri.
- d) Kríuból. Málað eitt rými og undirbúið fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir stjórnendur.
- e) Lýsuhóll. Löguð hurð við kvennasalerni.

4) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:

Sundlaug Ólafsvík.

- a) Búið er að tengja snjóbræðslu á rennibrautarsvæðið.
- b) Klukkan er komin úr viðgerð og hefur verið sett upp aftur.
- c) Þeytivinda var lögð og ný þvottavél sett upp.
- d) Bakskolunarloki fór að leka og var lagaður.
- e) Snjómokstur og hálkuvarnir tóku tíma og að hreinsa frá niðurföllum.

Íþróttahús Ólafsvík

- a) Tekið til í netskáp og switch endurnýjaður.
- b) Gengið frá og málað í kringum brunaviðvörunarkerfið.
- c) Veggur við vatnsfont var lagaður og málaður.
- d) Skipt var um segulloka í skúringarvél.

Tölvumál & slökkvilið

- a) Ný tölva var sett upp á Kríubóli.
- b) Netið var fært til á Jaðri.
- c) Nýir eiturefnargallar eru komnir í slökkvistöðina.

5) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:

Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík

- a) Suðurveggur viðgerður og málaður.
- b) Vinnurými kennara niðri: sett upp innblástursvista sem bætir loftið. Rafmótur settur í annað opnanlega fagið svo hægt er að lofta út og blásu lofti inn. Ræddir möguleikar á að auka hitann í rýminu.
- c) Verið er að laga stormjárn í gluggunum.
- d) Snjómokstur og hálkuvarnir.

Grunnskólahúsnæðið á Hellissandi

- e) Verið að vinna í heimilisfræðistofunni. Eftir gluggaskipti í febrúar var skipt um sólbekk. Verið að koma fyrir plexigleri bak við vaskana og endurnýjaðir blöndunartæki. Stofan orðin mjög fin.
- f) Allir gluggar eru komnir í.

VI
MPA
GJ
Guðrún
Ólafsson

- g) Opnum á nýju gluggunum er ekki góð. Búið er að finna ný stormjárn og verið er að setja þau í.
- h) Í gamla skólanum er búið að taka ganginn, eitt herbergi og ganginn, mála og kíttu. Hann er orðinn mjög snyrtilegur.
- i) Smíðastofan: búið er að setja upp loftræstibúnað, en Hörður smíðakennari á heiðurinn af því. Allar vélar eru komnar með sog og hjálpar það mikið til við þrif og frágang.

6) Ragnar sendi nokkra punkta:

- a) Haldinn var fundur í Umverfis og skipulagsnefnd í vikunni. Á dagskrá voru mál af ýmsum toga, allt frá beiðnum um byggingarheimild, tillögum að nýju íbúðahverfi í Ólafsvík og breytinga á aðalskipulagi.
- b) Haldinn var íbúafundur í gær þar sem kynnt var tillaga á nýju deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar á hótel Hellissandi. Fundurinn var haldinn i Röstinni og var mætingin ágæt.
- c) Búið að panta glugga og hurðir í félagsmiðstöðina á Hellissandi. Áætlað er að gluggarnir verði sendir frá verksmiðju í viku 13 og verði klárir til afhendingar 9. apríl í Reykjavík.
- d) Í síðstu viku var haldinn stöðufundur vegna stækkunar á Lýsuhólsskóla. Framkvæmdum er nánast lokið að innan en það á eftir að ganga frá salerni sem er í tengibyggingunni. Þessa vikuna er unnið við að klæða útveggina að utan.
- e) Unnið hefur verið að breytingu á deiliskipulagi Rifshafnar vegna fyrirhugaðrar byggingar á iðnaðarhúsi á svæðinu. Samhliða þessari breytingu voru gerðar minniháttar breytingar á lóðarmörkum ofl.
- f) Þessa dagana er unnið er að því að skipta um glugga í ráðhúsinu. Klárað verður að skipta um glugga á jarðhæðinni og í framhaldi verður farið í 2. hæðina. Verkið gengur vel og hafa starfsmenn ráðhússins verið mjög liðlegir á meðan á framkvæmdum stendur því eðlilega fylgir þessu mikill hávaði og rask.
- g) Starfsmenn tæknideildarinnar hafa orðið varir við töluberða aukningu á fyrirspurnum er varða byggingarleyfi, lausar lódir í sveitarféluginu, ný deiliskipulög ofl. Það virðist því vera mikill hugur í einstaklingum og fyrirtækjum þegar kemur að ýmsum framkvæmdum og er það vel.
- h) Undirbúnin er að stækkun leikskólans í Ólafsvík hefur staðið yfir í þónokkurn tíma og er áætlað að hefja jarðvinnu í þessari viku.
- i) Verið er að undirbúa framlengingu á vatnslögn í Holtabréði.
- j) Verið er að skoða áframhaldandi viðhaldsframkvæmdir á Gufuskálum.
- k) Önnur dagleg störf.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. apríl kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10

Vagn Ingólfsson
 Þorsteinn Þorsteinsson
 Matthias Pál Guðmundsson
 Óscar Þorsteinsson
 Baldur L. Þorsteinsson
 Þóra Ólafard